

**REGLUGERD**  
**um sérstaka úthlutun skv. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990,  
til skel- og rækjubáta.**

1. gr.

Vegna skerðinga, sem urðu á leyfilegum heildarafla í innfjarðarækju í Arnarfirði, Ísafjarðardjúpi, Húnaflóa, Skagafirði, Skjálfandaflóa, Axarfirði, Eldeyjarsvæði og Norðurkjörðum Breiðafjarðar á fiskveiðiárinu 2004/2005, skal á fiskveiðiárinu 2005/2006 úthluta aflamarki sem nemur samtals 1.685 þorskígildislestum til báta, sem hafa hlutdeild í innfjarðarækju á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin, verði ekki meiri en 30% frá meðalafla rækjuvertíðanna 1994/1995 – 2003/2004, að frádregnum afla fiskveiðársins 2004/2005. Verðmætastuðullinn fyrir rækju er 0,52, miðað við þorskígildi, og koma 8 lestir í hlut báta frá Arnarfirði, 543 lestir í hlut báta við Ísafjarðardjúp, 329 lestir í hlut báta við Húnaflóa, 234 lestir í hlut báta við Skagafjörð, 123 lestir í hlut báta við Skjálfandaflóa, 301 lest í hlut báta við Axarfjörð, 128 lestir í hlut báta á Eldeyjarsvæði og 19 lestir í hlut báts í Norðurkjörðum Breiðafjarðar.

2. gr.

Vegna skerðinga, sem verða í hörpudisksveiðum í Arnarfirði, Húnaflóa, Breiðafirði og Hvalfirði skal á fiskveiðiárinu 2005/2006 úthluta aflamarki sem samtals nemur 1.411 þorskígildistönnum til báta, sem aflahlutdeild hafa í hörpudiski á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafla áranna 1996 til 2005. Verðmætastuðullinn fyrir hörpudisk er 0,32, miðað við þorskígildi, og koma 13 lestir í hlut báta frá Arnarfirði, 64 lestir í hlut báta við Húnaflóa, 1.307 lestir í hlut báta við Breiðafjörð og 27 lestir í hlut báta við Hvalfjörð.

3. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeilda, sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1. ágúst 2005. Uppbæturnar skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: Þorsk, ýsu, ufsa og steinbit í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í þessum tegundum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 2005.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. ágúst 2005.*

**Árni M. Mathiesen.**

---

*Jón B. Jónasson.*